

NORÐURLJÓS

Fréttabréf Norðurláls

4. tbl. 11. maí 2012. Ritstjórar: Trausti Gylfason og Brian D. Marshall. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Birna Björnsdóttir, Bjarni I. Björnsson og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Þórhallur Ásm. o.fl.



*Gleðilegt
sumar*

Pau eru brosmild í byrjun sumars þessi glæsilegu ungmenni sem bæði starfa í kerskálalum: Örn Viljar Kjartansson og Hildigunnur Einarsdóttir.

Nokkur orð framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk

Það sem af er árinu 2012 hefur gengið vel í öryggismálum. Þó hafa þrjú skráningarskyld atvik átt sér stað en heilt yfir hefur árangurinn verið góður. Hafa þeir í huga að vinnustaðurinn okkar er stór og víðfemur. Verkefni starfsmanna eru af misjöfnum toga en öll krefjast þau þjálfunar, þekkingar og kunnáttu. Eitt af því mikilvægasta er að starfsmenn undirbúi verkefni sín vel til að komast hjá óþarfa áhættu. Þar gegna stjórnendur stóru hlutverki að skipuleggja verkefni starfsmanna þannig að allt sé til staðar. Ef verkefnið er þess eðlis þarf að framkvæma áhættugreiningu og tryggja að allir þeir sem framkvæma verkið taki þátt í áhættugreiningunni og séu virkir þátttakendur í henni. Ef áhættugreiningarnar eru rétt gerðar og af heilum hug eru þær verkfærin sem tryggja okkur öruggari vinnustað. Um páskana komu afleysingastarfsmenn

inn til þjálfunar og starfa. Það er okkur mikilvægt að þau hafi öðlast nauðsynlega færni og þekkingu sem krafist er til að leysa okkar föstu starfsmenn af áður en þeir fara í sumarfríin sín.

Stóra verkefnið okkar er öruggt atferli en í lok apríl var hjá okkur ráðgjafi frá Aubrey Daniels í þeim erindagjörðum að sjá hvernig okkur vegnaði. Niðurstaðan var ágæt en þó þarf að slá í klárinn í nokkrum deildum. Þessa dagana stendur yfir áhættumat gegn einelti sem stýrt er af sálfræðistofunni Líf og Sál. Þessi könnun mun aðstoða okkur í að fyrirbyggja einelti og kynferðislega áreitni á vinnustaðnum okkar og vil ég hvetja alla starfsmenn til að taka þátt í verkefninu.

Í apríl hafa staðið yfir breytingar á skautskiptabúnaði krana 5 til 12 í kerskála. Í fyrsta lagi er verið að innleiða hálf sjálfvirka skautsetningu með svokölluðum „laser“ mælíbúnaði. Þessi búnaður gerir

okkur kleift að mæla sjálfvirkt þykkt notaða skautsins. Kraninn reiknar síðan út rétta hæð nýja skautsins og setur það í rétta hæð í kerði. Starfsmenn geta nú staðið í góðri fjarlægð frá heitum skautleifum og kerum. Einnig er verið að skipta út loftdrifnum skóflubúnaði krananna og setja í staðinn vökvadrifnar skóflur. Markmið þessa verkefnis er tvíþætt. Í fyrsta lagi er verið að bæta áreiðanleika búnaðar þar sem vökvadrifnar skóflur fara að öllu leiti mun betur með kranana en loftdrifni búnaðurinn gerir. Í öðru lagi er verið að auka öryggi starfsmanna við skautskipti þar sem slettur í skautskiptum heyrir nánast sögunni til með tilkomu vökvaskófla. Öllum breytingum fylgja áhættur en starfsmenn kranaverkstæðis og kerskála hafa staðið sig frábærlega við að tryggja uppsetningu og innleiðingu á öruggan hátt.

Gunnar Guðlaugsson

Framhaldsnámskeið í skyndihjálpi fyrir stjórnendur

Semma á þessu ári hófst námskeiðsröð í framhaldsnámskeiði í skyndihjálpi fyrir stjórnendur. Markmiðið er að gera stjórnendur hæfari á vettvangi þar sem frávik hafa orðið, þ.e. slyss eða eldsvoði. Gerður hefur verið samningur við starfsmenn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sem sjá um námskeiðin í samvinnu við starfsmenn úr öryggisdeild Norðurlás. Gerður var góður rómur af námskeiðunum en eins og myndirnar bera með sér voru starfsmenn látnir glíma við atvik á ýmsum stöðum í verksmiðjunni.

Trausti Gylfason



Hafþór Magnússon, Pétur Þór Brynjarsson, Þórarinn Sigurvin Jónsson og Hafsteinn Rúnar Gunnarsson æfa viðbrögð til að meðhöndla sjúkling í hjartaáfalli.



Pétur Svanbergsson og Jón Óskar Ásmundsson æfa björgun undan fargi. Arinbjörn Georgsson fylgist kankvís með aðgerðum.



„Ber er hver að baki nema sér bróður eigi.“

Vertu klár - handbók fyrir starfsfólk í kerskála

„Þetta var búinn að vera draumur hjá okkur lengi, að koma saman handbók fyrir starfsfólk í kerskála handhægum upplýsingum og helstu minnisatriðum. Ég er mjög ánægð með bókina og tel að hún komi að góðum notum fyrir alla, ekki síst þá sem eru að hefja störf í kerskálanum,“ segir Þóra Jónsdóttir á öryggisdeildinni, en í marsmánuði kom út handbókin Vertu klár! fyrir starfsfólk í kerskálanum.

Í bókinni eru að finna ýmislegt um eiginleika áls og raflausnar, yfirlitsmynd af svæðinu, vaktatöflu, öryggismál og verkferla, auk ýmissa annarra gagnlegra upplýsinga.



Framkvæmdir í steypuskála samkvæmt áætlun

Iðnaðarmenn hafa verið á fullu að undanförunni við að komu upp nýrri aðstöðu í steypuskála. Miðar þeim framkvæmdum vel, eru samkvæmt áætlun. Það eru ný skrifstofa og kaffistofa sem eru að verða til í steypuskálanum, langbráður draumur margra, en gamla húsnæðið var orðið úr sér gengið og hriplekt, auk þess sem þrengslu voru mikil.



Öryggisdeildin : Trausti Gylfason, Þóra Jónsdóttir, Pétur Svanbergsson, Niels E. Reynisson, Hafsteinn R. Gunnarsson.

Öryggisdeildin

S tundum hefur verið talað um mikilvægi einstakra deilda þegar þær hafa verið kynntar hér í blaðinu. Sú deild fyrirtækisins sem gerðar eru kröfur um að sinni hvað best grunnildum Norðuráls er öryggisdeildin, eða hvað? „Jú það hvílir á okkar herðum sem störfum á öryggisdeildinni, en kannski erum við oft ekkert vinsælustu starfsmennirnir í fyrirtækinu þegar við erum að benda á ýmsa hluti í sambandi við öryggismálin,” segir Trausti Gylfason öryggisstjóri, sposkur á svip. Trausti hefur haft umsjón með öryggismálunum frá árinu 1999 en starfaði fyrsta árið á verkfræðisviði sem rafmagnstæknifræðingur, að hann tók við starfi öryggis- og fræðslustjóra.

„Ég var síðan lengi vel eini starfsmaður öryggismálanna og það heyrði undir mannauðssvið alveg fram til ársins 2007. Þegar verksmiðjan var stækkuð þannig að starfsmannafjöldinn fór úr tæplega 200 upp í

um það bil 500, þótti tímabært að splitta þessu upp. Þá varð öryggisdeildin sér deild og við erum fimm sem störfum að öryggismálunum og veitir ekki af, því öll viljum við að allir starfsmenn komi heilir heim. Það eru aðalgrunnildin. Þó að öryggisdeildin styðji við deildir og starfsmenn er í grunninn öryggi alltaf á ábyrgð hvers og eins. Stóra verkefnið um þessar mundir er Öruggt atferli sem er byggt upp á þeirri hugmyndafræði að við gefum hvort öðru jákvæða endurgjöf og styðjum þannig hvort annað í öruggum vinnubrögðum. Gunnar yfirmaður okkar er eigandi af verkefninu, starfsmenn eru allir þátttakendur og öryggisdeildin heldur utan um það.”


Trausti segir að starfsmennirnir fimm í öryggisdeildinni séu ekki á bak við skrifborð alla daga. Stór hluti af þeirra vinnu sé að fara út á vinnusvæðin og vera þar leiðbeinandi fyrir starfsmenn og stjórnendur, til aðstoðar ef einhver álitamál eru.

„Það er líka stór þáttur hjá okkur að halda utan um hvers kyns tölfraeði varðandi öryggismálin. Tölfraeðin er viss vegvísir, segir okkur hvernig miðar í öryggismálunum. Það er sífellt reynt að vinna að hollu starfsumhverfi á stóru heimili. Þar er af nógu að taka, m.a. með bættri vinnuástöðu, auknum loftgæðum á vinnusvæðum og betri hljóðvist. Í hverjum mánuði förum við 15 sinnum út á vinnusvæðin til að framkvæma eftirlit vegna öryggisbónuss. „Mér finnst að þeir sem starfa að öryggismálum þurfi að hafa gaman af samskiptum við fólk. Eins þurfa þeir að vera í einu og öllu góðar fyrirmyndir annarra starfsmanna. Við sem störfum að öryggismálum hittum starfsmenn fyrirtækisins mikið og það reynir því mikið á mannlegu samskiptin. Árangurinn í okkar starfi byggist mikið á því að samskiptin séu góð á báða bóga,” sagði Trausti Gylfason að endingu.

Öruggt atferli

Frá því í lok desember á síðasta ári þegar fyrstu línuritirn í öruggu atferli voru hengd upp þá hefur mikið áunnist. Allar deildir fyrirtækisins eru í mælingum á öruggum venjum og þegar hafa margar fagnað 100% árangri. 59 atvöð hafa verið skilgreind sem öruggar venjur en það hefur tekið frá 21 upp í 53 daga að ná 100% árangri í 21 dag. Að meðaltali hefur það tekið 59 dagar að ná 100% árangri samfleytt í 21 dag.

Eins og flestum er kunnugt þá hefur mikill fjöldi starfsmanna verið þjálfaður upp til að taka þátt í þessu verkefni og sjá um að það haldi áfram. Hóparnir sem hafa verið þjálfaðir upp eru í meðfylgjandi töflu hér fyrir neðan en samtals hafa 310 starfsmenn verið þjálfaðir upp í fræðunum um Öruggt atferli. Endurkomustarfsmenn (sumarafleysingastarfsmenn sem hafa verið hjá okkur áður) hafa fengið þjálfun sem



skoðunarfólk og er ætlað að taka þátt í skoðunum með kjarnateymunum í sumar

þegar meðlimir kjarnateymanna fara í sín sumarfrí.

Þjálfun – hópar	Fjöldi starfsmanna	Lengd námskeiðs
Stuðningsfulltrúar	16	3 daga námskeið
Stjórnendur	54	Dags námskeið
Kjarnateymi	178	Dags námskeið
Endurkomustarfsmenn	62	4 klst. námskeið

Hvað er öruggt atferli?



Svanberg Rúnarsson
kranaverkstæði:
Það er að tryggja sjálfan sig og aðra í kringum sig. Gaumgæfa hvaða hættur kunna að vera til staðar.



Hörður Hallgrímsson
kranaverkstæði:
Alltaf að gæta að sér. Hugsa áður en maður framkvæmir.



Óli Jakob Volden kersmiðju:
Ákveðin aðferðafræði til að ná fram öruggum vinnubrögðum og hegðun.



Valintine Simire kersmiðju:
Allir vinni saman að því að líta eftir hegðun hvors annars og komi með ábendingar um örugg vinnubrögð.



Sigurður Þorsteinn Guðmundsson C-vakt kerskála:
Sjálfskoðun, hvað maður sé að gera rétt og hvað megi bæta.



Sigurborg Þórsdóttir mótuneyti:
Allir passi upp á hvorn annan.

Öruggt atferli Listi yfir 100% Öruggar venjur



	Atriði	Mældir dagar
Kerskáli		
A vakt		
C-D	Nota hnakkahlíf í skautskiptum	40
C-D	Nota andlitshlíf í skautskiptum	39
C-D	Nota grímu í skautskiptum	38
Stækkun	Nota grímu í skautskiptum	30
Iðnaðarmenn	Reima alltaf skóna	26
Iðnaðarmenn	Fá akstursheimild þegar ekið framhjá skautskiptum/töppun	27
B vakt		
Stækkun	Nota rykgrímu í skautskiptum	39
C vakt		
A-B	Ganga á undan krana þegar hann er keyrður	32
A-B	Nota hnakkaslæðu þegar verið er að skúma í steypuskála.	32
C-D	Nota slæðu þegar verið er að brjóta fyrir töppun	33
Stækkun	Passa að buxur séu yfir skó.	21
Stækkun	þegar unnið er við bráðinn málm hafa andlitshlíf niðri	21
D vakt		
C-D	Nota belti í lyftara	36
Stækkun	Nota belti í lyftara	31
Stækkun	Nota hnakkahlíf í mælingu	32
Iðnaðarmenn	Fá akstursheimild þegar ekið framhjá skautskiptum/töppun	25
Deigluhreinsun		
	Klæðast sýnileikavesti þegar unnið er í kerskála.	24
	Andlitshlíf notuð við rýmingu	21
	Rykgrímur notaðar þegar rör eru rýmd.	21
Steypuskáli		
B vakt	Rykgríma notuð þegar unnið er við gjall	24
B vakt	Hellari rétt staðsettur og enginn annar nær en 6-8m þegar helt.	25
C vakt	Nota álkápur, slæður og rafsuðuhanska á rennusvæði.	29
C vakt	Hellari rétt staðsettur þegar helt.	21
D vakt	Hafa gaffla á lyftara í réttari hæð á keyrslu.	26
Iðnaðarmenn	Læsa-Merkja-Prófa	21
Skautsmiðja		
	Notkun merktra gönguleiða til/frá Júnna-kaffi	45
	Nota hnakkahlíf á ofnasvæði.	36
	Nota stóra andlitshlíf á gafflasvæði.	27

Viðhaldsdeildir		
Rafmagnsverkstæði.	Notkun merktra gönguleiða	26
Háspenna	Notkun heyrnahlífa	21
Háspenna	Notkun merktra gönguleiða	21
Háspenna	Notkun hanska	23
Vélaverkstæði	Nota andlitshlíf þegar unnið er með slípirokk/rennibekk/slípiband	41
Vélaverkstæði	Nota gangbrautir	24
Farartækjaverkstæði	Ganga frá gastækjum	21
Farartækjaverkstæði	Nota viðeigandi hanska	21
Farartækjaverkstæði	Nota „öryggi“ undir gálga þegar unnið er með hangandi birgði.	21
Farartækjaverkstæði	Olía þrífín strax af gólfi.	21
Farartækjaverkstæði	Notkun andlitshlífa þegar unnið er með slípirokk.	21
Kranaverkstæði	Húkka fallvörnum í festipunkt í krana	21
Kranaverkstæði	Fá leyfi til að hreyfa krana.	39
ACM	Notkun andlitshlífa þegar unnið er með slípirokk.	39
ACM	Notkun rykgríma við vinnu.	34
ACM	Læsa-Merkja-Prófa	21
Kerfóðrun	Andlitshlíf þegar barrar á skautum eru þússaðir	38
Kerfóðrun	Rykgríma notuð þegar sandur er dreginn undir skaut	33
Kerfóðrun	Rykgríma notuð þegar hrærivél er notuð.	40
Kerfóðrun (+súrál)	Rykgríma notuð við notkun ramningarvélar	47
Kerfóðrun	Rykgríman notuð þegar sandsteinn er sagaður	53
Aðrir		
Innkaup	Ganga frá í fundarherbergi	21
Innkaup	Notkun merktra gönguleiða	21
Innkaup	Loka fundarherbergi þegar það er fundur.	21
Lager	Nota hjálm í sal	25
Lager	Nota viðeigandi búnað til að ná í vörur í hillu.	25
Lager	Skipta um skó inni/úti	25
Skrifstofa	Nota merktar gönguleiðir	39
Ræstingar	Notkun merktra gönguleiða	21
Ræstingar	Nota skilti þegar gólf eru hál.	21
Ræstingar	Nota hanska þegar unnið er með hreinsiefni.	21
Meðaltal (fjöldi mældra daga) 29		
Alls 100% Öruggar venjur 59 stk		

Undankeppni Norðurálsleika

Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir



Mários L. Heiðarsson og Gunnar Guðmundsson.




Niels E Reynisson.



Pétur Svanbergsson.



Hlynur S Kristjánsson.



Porgerður Pálsdóttir.



Ingibjörg H Ingólfssdóttir.



Aðalheiður Skarphéðinsdóttir.



Karitas Jónsdóttir.



Anna Þórðardóttir.

Mér líkar frábærlega á Grundartanga

Starfsfólk Norðuráls er að dunda við ýmislegt í sínum tómstundum fyrir utan vinnuna. Meðal þeirra er Erling Guðnason sem tók við formennsku á rannsóknarstofunni í október síðastliðnum. Haustið 2010 brá Erling sér til Vestmannaeyja ásamt nokkrum vinnufélögum sem spila saman á hljóðfæri. Þar var farið í hljóðver og hljóðritaður diskur sem margir starfsmenn Norðuráls kannast við, enda seldist hann ágætlega í þeirra röðum og víðar. „Ég er að glamra á píanó og spilaði reyndar bara með í einu lagi, en þetta var gaman.“ Erling er einnig mikill áhugamaður um fjarskipti enda meðlimur í félagi íslenskra „radíóamatöra.“

Prettán ár hjá Norðuráli

„Ég kom til starfa hérna hjá Norðuráli fyrir áramótin, 1998-’99. Þá var minn yfirmaður á rannsóknarstofunni Halldór Guðmundsson, sem núna er yfirmaður í kerstjórn. Mér hefur líkað alveg frábærlega vel að starfa hérna hjá Norðuráli á Grundartanga. Það segir sig eiginlega sjálft, annars væri ég ekki búinn að vera hérna í rúm þrettán ár. Samstarfsfólkið hefur verið frábært. Ég held svei mér þá að mér hafi ekki orðið sundurorða við neinn mann allan þennan tíma. Ef svo er þá vinsamlega gefi sá hinn sami eða



sú sig fram,” segir Erling og brosir. Erling er Reykvíkingur, fæddur á KR-svæðinu í Vesturbænum, átti síðan heima í Hvassaleitinu um árabíl en núna býr hann í Álftamýrinni á Framsvæðinu. „Ég var reyndar aldrei mikið í íþróttum. Fór á nokkrar fótboltaæfingar hjá KR og þegar ég átti heima í Hvassaleitinu var ég

miðsvæðis milli Vals-, Víkings- og Framsvæðanna. Ég valdi Val en æfingarnar urðu ekki margar þar heldur. En ég stunda samt mína heilsurækt. Mér finnst rosalega gott að fara í sund og syndi talsvert.“

Ógleymanleg ferð til Japans

Erling segist hafa mjög gaman af því að ferðast. „Ég ferðast eins mikið og ég get bæði utanlands og innan. Ein af mínum ógleymanlegu ferðum var til Japans á því herrans ári 2007. Japan þykir frekar dýrt land en á þessu ári var alveg kjörið að fara þangað, enda jenið í sögulegri lægð gagnvart krónunni, 0,3 eða 0,4. Það var ekki nóg með að þarna var hægt að kaupa allt sem hugurinn girnist á „spottprís“ eins og tölvur og myndavélar, heldur var þarna margt að sjá. Það var til dæmis stórkostlegt að fara með hraðlestinni þeirra, Shinkansen, frá Tokjó til Kyoto. Þessa 700 kílómetra leið fór lestin á rúmum tveimur tímum enda á 300 kílómetra hraða. Ég varð alveg heillaður af Tokjó svæðinu þar sem búa 30 milljónir manna. Þarna eru háar og miklar byggingar. Þeir eru meira að segja með sinn eigin Effeltturn, sem er byggður úr miklu betri efnum en sá upphaflegi í París,” sagði Erling að endingu.

Norðurál í fjórða sæti í Mottumars

Starfsmenn Norðuráls tóku sem kunnugt er þátt í Mottumars, árveki- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélags Íslands. Alls safnaðist innan fyrirtækisins í þessu átaki 795.500 krónur, en í þeirri tölu er 500 þúsund króna styrkur frá fyrirtækinu til þessa verkefnis. Niðurstaðan í liðakeppninni var sú að starfsmenn Norðuráls urðu í fjórða sæti sem er frábær árangur. Innan Norðuráls

var Bjarni Ingi Björnsson sem starfar á Umhverfis- og verkfræðisviðinu duglegastur að safna áheitu hjá samstarfsfólki og safnaði þar af leiðandi mestum peningum. Þess má að lokum geta að árlega greinast að meðaltali 716 karlmenn með krabbamein hér á landi og um 250 deyya af orsökum þess. Rannsóknir sýna að koma má í veg fyrir að minnsta kosti eitt krabbameinstíffelli af hverjum þremur.





Heilbrigð karlmennska

Í síðasta mánuði heimsótti undirritaður Norðurál á Grundartanga með fyrirlesturinn: „Heilbrigð karlmennska“. Þar skoðuðum við meðal annars spurningar eins og „Bregðast karlmenn öðruvísi við áföllum en kvenmenn?“, „Hvert sækja karlmenn styrk?“, „Hver eru einu launin sem karlmaður vill fá frá konu sinni?“ og síðast en ekki síst „Hvað er heilbrigð karlmennska?“

Spurningin góða

„Er ekki erfiðara fyrir karlmenn að takast á við áföll því þeir ræða ekki tilfinningar sínar?“, var greinarhöfundur iðulega spurður við kynningu á námskeiði Ljóssins sem eingöngu er ætlað karlmönnum. Hljómar svolítið eins og: „væri ekki betra fyrir ykkur (kk.) að gera þetta eins og við (kvk.)?“

Svarið var: „Nei, við gerum þetta bara allt öðruvísi.“

Karlmenn og áföll

Bregðast karlmenn öðruvísi við áföllum? Útskýringar þær sem hér fara á eftir eru hvorki algildar né alréttar en til að skilja þessi tvö nokkuð ólíku „element“ þurfum við að skilja þau og skoða í sitt hvoru lagi. Til er orð sem heitir mismunur sem á fullan rétt á sér og síðan orðið mismunur (munar einum staf) sem er allt annað og á ekki rétt á sér. Ef við tökum þeim sem sama orðinu er jafnréttisumræðan komin á hála braut því hvorugu kyninu þykir það spennandi hugmynd að gera alla eins.

Munurinn

Heilarannsóknir sýna að í heila karlmanna er t.d. „tilfinningahólf“ sem varið er af þykkum „vegg“ og þangað inn eru mun færri vírar en tengjast

tilfinningalegri úrvinnslu hjá kvenmönnum. Það þýðir að karlmenn þurfa lengri tíma til að nema hvað er að gerast þarna inni og eru ekki með tilfinningar daglegs lífs upp við yfirborðið eins og konum er eðlislægt. Í mismunandi aðstæðum er það hreinlega mikill kostur og þýðir ekki að karlmenn geti ekki haft sterkar tilfinningar. Konur



hins vegar eru með það sem kvénisindamaður einn kallaði „spagetti-heila“ þ.e. vírar út um allt. Þetta gefur þeim ótvírætt forskot þegar kemur að lesa úr öllu sem tengist samböndum, samskiptum og mismunandi utanumhaldi. Þær heyra miklu betur og mun fleira. Karlmenn hólfa hluti frekar af og eiga t.d. auðveldara með að leggja hluti til hliðar er þeir leggjast á koddann í lok dags.

Styrkurinn sóttur

Við áföll segjast konur vilja helst hitta einhvern og leita fljótlega í stuðningsnetið sitt, vinkonur, mömmu, systur o.s.frv. en karlmenn sækja hins vegar styrk í einveru, annað hvort einir sér eða með öðrum karlmönnum. Þeir vilja fyrst og fremst frið í smá tíma. Oft er þetta kallað „að fara í hellinn sinn“ og ber að taka fram að mikilvægt er að festast heldur ekki þar. Sem sagt ef við viljum hlaða batteríin, stinga konur í samband við stuðningsnetið sitt en karlmenn í „kyrrðina“.

Einu launin

Hver eru hin endanlegu laun sem karlmaður vill fá frá konu sinni? Að „blíðasta brosinu“ sé beint að okkur, punktur. Þá er ekki átt við „guð hvað ég er ánægð með nýju skóna sem ég keypti mér“ brosið heldur „Ég er ánægð og það er vegna þín“ brosið. Konan ánægð, mér tókst það, allt gott.

Sálfræði karlmanna 101. Löngun karlmanna til að standa sig og sjá um konuna og „búið“ sitt er innbyggð í hverja einustu frumu hans og ekki er hægt að senda hann til sálfræðings í 100 tíma og losa hann við þetta. Fyrir að vera tilbúinn að gera allt til að halda búinu sínu þarf hann bara þrennt frá henni: 1. Að vera metinn, 2. Að vera metinn, og síðast en ekki síst: 3. Að vera metinn.

Heilbrigð karlmennska

Starfsmaður Norðuráls sagði er hann sá titilinn: „Er þetta ekki bara eitthvað sem konurnar fundu upp?“

Grunnatríðin þegar kemur að karl-elementinu: 1. Þú ógnar aldrei konum og börnum. Hugsanlega gleymdist að segja mörgum „ungum“ mönnum, og er í grunninn karlavandamál, að það er okkar hlutverk að leiða unga menn frá því að vera strákur yfir í að vera karlmaður sem lærir að taka á sig þá ábyrgðina sem fylgir því.

2. Gefa „gjöfina“ sína. Hver og einn þarf að ákveða hver hún er.
3. Innbyggð þörf til að sá fræjum og hjálpa hlutum að vaxa.

Spurðu þig:

Hvernig get ég nýtt styrk minn, yfirvegun, lífsreynslu og ástríðu fyrir lífinu til að hjálpa því sem skiptir mig máli að vaxa?

Bestu kveðjur
Matti Ósvald Stefánsson

Gleðidagur fyrir starfsmenn, fjölskyldur og vini

Norðurálsleikarnir verða haldnir í Akraneshöllinni á Jaðarsbökkum laugardaginn 12. maí 2012. Húsið verður opnað klukkan 13 og lýkur skemmtuninni klukkan 17. Á Norðurálsleikunum verður margt í boði. Starfsmenn Norðuráls hafa síðustu vikur unnið með hugtakið liðsheild og í kjölfarið stofnað mörg lið og keppt sín á milli í léttum og skemmtilegum þrautum. Sú keppni heldur áfram á Norðurálsleikunum. Boðið verður upp mörg skemmtiatriði og þrautir og leiki fyrir börn á öllum aldri að spreyta sig á. Gunni og Felix verða kynnar en ætla líka að láta nokkrar góðar sögur og söngva detta. Solla stíra kemur í heimsókn, Jón Jónsson, sem átti eitt vinsælasta lag síðasta árs kemur og tekur lagið. Einnig mæta trúðar á svæðið og þá verður ýmiskonar önnur skemmtun í boði. Léttar, hollar og góðar veitingar verða



í boði Norðuráls. Jafnframt mun ÍA selja góðgæti til styrktar starfinu sínu. Öllum íbúum Akraness, Borgarness og Hvalfjarðarsveitar er boðið í Akraneshöllina til að gera sér glaðan dag með starfsmönnum Norðuráls 12. maí næstkomandi.

Í þá gömlu góðu daga

Frá upphafi Norðuráls hefur golfið átt sér fastan sess hjá starfsmönnum. Þegar árið 1998 var stofnaður golfklúbburinn GONA sem hefur staðið fyrir mörgum mótum um tíðina. Árið 2001 var árangursríkt hjá golfurum Norðuráls en þá voru starfsmenn tæplega 200 en á lokamóti ársins tóku 29 kylfingar þátt, sem er ansi gott hlutfall. En grípum niður í rúmlega 10 ára gamla grein sem rituð var eftir mótið. Megi golfsumarið 2012 verða starfsmönnum Norðuráls árangursríkt. „Þá er golfsumrinu 2001 lokið hjá Golfklúbbi Norðuráls, GONA. Síðasta mót sumarsins var haldið á Garðavelli á Akranesi föstudaginn 21. september. Enn og aftur var metþátttaka og að þessu sinni mættu 29

golfarar. Úrslit urðu þau að í fyrsta sæti með 39 punkta varð Magnús Óttarsson. Í öðru sæti Einar Ottó Jónsson með 36 punkta og í þriðja sæti hafnaði Gunnar Már Gíslason einnig með 36 punkta. Náandarverðlaun hlutu þeir Davíð Sveinsson og Stefán Viðarsson. Í mótslok var svo boðið til kvöldverðar og verðlaun afhent. Þar sem þetta var síðasta mótið til fjögurra móta röð var krýndur stigameistari GONA þ.e. sá golfari sem fékk flest stig út úr þremur af fjórum mótum sumarsins. Meistari að þessu sinni er Magnús Óttarsson. Í öðru sæti varð Einar Árnason, meistari síðasta árs, og í þriðja sæti Gunnar Már Gíslason, en þessir tveir háðu bráðabana í loka síðasta móts til að skera úr um hvor lenti í öðru sæti“.

Trausti Gylfason.



Þátttakendur og sigurvegarar í síðasta golfmóti GONA árið 2001. Margir þessara þátttakenda eru enn starfsmenn Norðuráls. Fremst sitja sigurvegararnir og taldir frá vinstri, Einar Árnason starfsmaður á C-vakt, Magnús Óttarsson fyrrum starfsmaður úr kerskála og Gunnar Már Gíslason fyrrum starfsmaður öryggisgæslu Norðuráls. Aftari röð frá vinstri, Emil Hilmarsson deildarstjóri upplýsingatækni, Tómas Már Sigurðsson fyrrum framkvæmdastjóri tækni- og verkfræðisviðs, Páll Ólason deildarstjóri þjónustu og búnaðar í steypuskála, Þorsteinn Stefánsson fyrrum framkvæmdastjóri steypuskála, Júníus Guðjónsson deildarstjóri þjónustu og búnaðar í skautsmiðju, Lárus Hjaltsted deildarstjóri þjónustu og búnaðar í kerskála, Bjarki Georgsson liðstjóri A-vakt í steypuskála, Friðrik Friðriksson rafvirki NN, Gunnar Scott liðstjóri á B-vakt í kerskála, Sigurður Grétar Davíðsson starfsmaður í kerskála, Einar Ottó Jónsson vélvirki, Stefán Viðarsson fyrrum starfsmaður í kerskála, Heimir Jónsson fyrrum starfsmaður á A-vakt í kerskála, Sveinbjörn Rögnvaldsson fyrrum starfsmaður á A-vakt í kerskála, Sigurður Óskar Guðmundsson starfsmaður á D-vakt í kerskála, NN og Davíð Sveinsson liðstjóri á B-vakt í kerskála. Drengurinn sem situr fremst á myndinni er Sigurður Tómasson.

Hver er?

Nafn: Sigurður Bachmann Sigurðsson / Sigi Bach.

Starf: Starfsmaður steypuskála Norðuráls.

Fæðingarstaður, -dagur: Reykjavík, 19. maí, 1989.

Fjölskylduhagur: Trúlofaður Unni Evu Ólafsdóttur.

Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli? Maí 2007.

Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna? Tónlist, fótbolti og slappa af. **Aðaláhugamálið?** Tónlist númer 1,2,3 og svo líkamsrækt.

Uppáhalds matur? Nautalund!


Uppáhalds drykkur? Vatn.

Ertu hjátrúafull/ur? Nei get ekki sagt það.

Hvaða persónu í mannkynssögunni villdir þú helst hitta? Væri til í að fá mér einn kaldan með Hendrix.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Mjög mismunandi, góð mynd eða þáttur og svo þegar boltinn er um helgar.

Besta bókin sem þú hefur lesið? Þær eru svo margar að ég get ekki gert



hinum það að nefna eina.

Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á? Deep Purple og gítarleikarann Steve Morse.

Uppáhalds íþrótt eða hreyfing? Fótbolti og lyftingar.

Lýstu þér í þremur orðum?

Skemmtilegur, áreiðanlegur og pirrandi.

Fallegasti staður á Íslandi?

Akrafjallið og Esjan séð frá Akranesi.

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Væri til í að skreppa til Kína eða USA einn daginn.

Framtíðarplön? Vonandi að meika það í músikinni og negla niður hamingjusamri fjölskyldu.

Spurning dagsins

Hvaða málshátt fékkstu úr páskaegginu?



Maria Gunnarsdóttir
ræstingum:
Annars byrði er öðrum létt.



Sigurjón Bjarni Jóhannsson
vélaverkstæði:
Ég man það ekki, en það var eitthvað grískjafstæði.



Guðmundur Steinar Jóhannsson
kranaverkstæði:
Maður fer ekki í geitarhús að leita ulla.



Hilmar Teitsson
rafmagnsverkstæði:
Aumur er ástlaus maður, það var mikið hlegið að þessu.



Harpa Hrönn Davíðsson
rannsóknarstofu:
Öft er bögn betri en þarlaus ræða.



Kynningarfundur um umhverfisvöktunina

Íðjuverin á Grundartanga stóðu fyrir opnum kynningarfundum um umhverfismál á Hótel Glym þann 18. apríl síðastliðinn. Á fundinum voru niðurstöður umhverfisvöktunarinnar fyrir árið 2011 kynntar. Rúmlega sextíu manns mættu á fundinn og greinilegt að málefnið skiptir nággranna iðjuveranna miklu máli. Norðurál og Elkem standa sameiginlega að umhverfisvöktun í grennd við iðnaðarsvæðið. Tilgangurinn er að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Mælingar eru gerðar á andrúmslofti, árvötnum, gróðri, klapparreitum, grasbitum, lífríki sjávar og sjó við flæðigryfjur. Mismunandi er hversu oft mælingar fara fram eða allt frá daglegum mælingum til mælinga að vori og hausti. Vöktunarstaði árið 2011 má sjá í mynd. Vöktunarmælingarnar eru gerðar af mörgum óháðum rannsóknaraðilum og eru niðurstöður þeirra teknar saman árlega í eina skýrslu. Niðurstöður fyrir árið 2011 voru teknar saman af Eflu verkfræðistofu og kynntar á fundinum. Skýrslur Umhverfisvöktunar má finna á heimasíðu Norðuráls (www.nordural.is) undir Umhverfið.

Niðurstöður mælinga reyndust undir viðmiðunarmörkum í árvötnum og gróðri. Áhrif iðjuveranna á lífríki sjávar virðast vera takmörkuð og lítil hætta er á neikvæðum áhrifum á umhverfið vegna flæðigryfjunnar. Í andrúmslofti mældust meðalstyrkir í öllum tilvikum undir viðmiðunarmörkum. Sóláhringsmeðalstyrkur brennisteinstvíoxíðs (SO₂) að Kríuvörðu mældist hins vegar tuttugu og einu sinni yfir gróðurverndarmörkum, en leyfilegt er að yfirstíga þau mörk samtals sjö sinnum. Norðurál hefur ákveðið að bregðast við þessu með því að fá verkfræðistofuna Vatnaskil til að gera líkanareikninga og mat á dreifingu



efna í andrúmslofti frá iðnaðarsvæðinu. Með því að gera loftdreifingaspá er hægt að átta sig betur á hvað orsakar hækkun sóláhringsmeðalstyrk brennisteinstvíoxíðs (SO₂). Meðalstyrkur flúors í kjálkabeinum sauðfjár hefur hækkað milli ára 1997 og 2011. Hins vegar er ekki greinilegt samband milli tannheilsu og magn flúors í kjálkabeinunum. Norðurál vill þekkja betur tengsl flúorsstöðu í sauðfé við heilsu þess og hefur því fengið Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri til að gera rannsókn á flúor í búfénaði, en meginmarkmið rannsóknarinnar er að meta áhrif flúors á heilsu sauðfjár og hrossa. Fram til þessa hefur flúorstyrkur í kjálkabeinum sauðfjár verið borinn saman við niðurstöður rannsóknar sem gerð var á dádýrum í Noregi.

Steinunn Dögg Steinsen




Framkvæmdir við aðalregnvagnslögnina

Særsta verkefnið sem nú er unnið að í Helguvík er lagning aðal regnvatnslagnar álversins. Lögnin liggur frá SA horni afriðlastöðvar álversins,

til austurs meðfram olíubirgðastöð NATO og í sjó fram í Selvík. Um er að ræða 760 metrar af \varnothing 1600 mm steinlögn og er áætlað heildarrensli í henni 3000 lítrar/sekúndu,

þegar álverið verður fullbyggt. Þar af koma 500 – 600 lítrar/sekúndu frá kælikerfi afriðlanna. Skurðdýpi verður u.þ.b. 10 m þar sem dýpst er.



Miðvikudagshópurinn í fjörunni neðan við Saurbæ.

Vettvangsferð Stóriðjuskólans

Nemendur Stóriðjuskólans nýttu síðustu efna- og eðlisfræðitíma annarinnar í vettvangsferð inn í Hvalfjörð. Finnbogí Rögnvaldsson kennari fór fyrir hópunum og fræddi mannskapinn um mótun landsins og áhrif innrænna og útrænna afla á umhverfið. Fyrsta stopp í ferðinni var í grjótnámu í landi Stóru-

Fellsaxlar og þar útskýrði Finnbogí fyrir okkur hvers vegna landið lítur út eins og það gerir og sagði frá myndun fjalla og dala. Því næst var haldið að Saurbæ þar sem hópurinn lallaði sér ofan í fjöru og skoðaði ummerki eftir gömul eldgos ásamt því að skoða jarðlög við fjöruborðið. Því næst var haldið inn að Hvalstöð og farið í

fjöruna að hvalbátum 6 og 7 til að skoða frekari ummerki eldgosna. Ferðin endaði síðan við Bláskeggsárbrú sem er ein elsta steinbrú landsins. Ferðin var í alla staði mjög skemmtileg og fræðandi og því flottur endir á fyrstu önn Stóriðjuskólans.

Bjarki Georgsson


Norðurálsleikar - 12. maí 2012

Komdu í gleðina

Laugardaginn 12. maí næstkomandi er starfsmönnum og vinum boðið á Norðurálsleika í Akraneshöllinni. íbúum Akraness, Borgarness og Hvalfjarðarsveitar

Norðuráls, fjölskyldum þeirra Einnig er öllum boðið að koma og gera sér

gláðan dag með starfsmönnum. Húsið opnar klukkan 13:00.



Verðlaunapeningur fyrir þátttakendur

Þrautir og leikir - skemmtiatriði og veitingar



Stemning á Norðurálsleikum 2011



Hlökkum til að sjá þig!